

KIRKJUGARÐARÁÐ

21. fundur haldinn mánudaginn 30. ágúst 2004 Skoðunarferð um kirkjugarða á Suðurlandi.

Mætt voru: Ragnhildur Benediksdóttir formaður, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Gunnar Bollason, Smári Sigurðsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð/ferðalýsingu.

Að þessu sinni var ekki um að ræða hefðbundinn fund, heldur skoðunarferð í kirkjugarða á Suðurlandi, þar sem ráðið kynnti sér framkvæmdir sem hlotið höfðu styrk úr Kirkjugarðasjóði. Lagt var af stað frá Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík kl. 9: 30 að morgni 30. ágúst.

Dagskrá fundar/skoðunarferðar:

1. Byrjað var á að heimsækja Haga í Holtum, en þar tók á móti okkur Guðni Guðmundsson bóndi á Þverlæk, umsjónarmaður garðsins. Fór hann yfir þær endurbætur sem gerðar hafa verið á garðinum og umhverfi hans á undanförunum árum.

Athygli vakti fallega hlaðin umgjörð um garðinn úr litríku blágrýti. Kom í ljós að Guðni hafði hlaðið þessa vegg og ekki aðeins einu sinni heldur tvisvar, þar sem stóran hluta þeirra þurfti að endurhlaða eftir mikinn jarðskjálfta árið 2000. Eftir að hafa skoðað garð og kirkju var farið í vandað þjónustuhús sem stendur við bílastæði framan við kirkjugarðsvegginn.

2. Næst var haldið að Odda á Rangárvöllum, þar sem fyrir var sóknarnefnd og sóknarprestur sem fóru yfir og sýndu þær framkvæmdir sem lokið er, þ.e. nýtt bílastæði og hellulagðan stíg að safnaðarheimili og kirkju. Einnig voru skoðaðar framkvæmdir við stígagerð um garðinn til að bæta aðgengi um hann.
3. Síðan var farið á Hvolsvöll, þar sem Ómar Halldórsson sem situr í sóknarnefnd og hefur haft með framkvæmdir við garðinn að gera tók á móti ráðinu og sýndi nýja garðinn. Garðurinn var tekinn í notkun í lok sumars og hannaður af Pétri Jónssyni landslagsarkitekt og að mestu unninn af heimamönnum. Fjöldi legstæða í garðinum er 214 í fjórum reitum og hefur fyrsti reiturinn verið tekinn í notkun. Þarna er bæði gert ráð fyrir kistu og duftgröfum.
4. Að lokum var kirkjugarðurinn í Vík heimsóttur og farið um garðinn í fylgd sóknarnefndar og sóknarprests. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í garðinum undanfarnin ár og hefur hann m.a. verið stækkaður og girtur, lagður hellustígur eftir miðjum garði og hann lýstur upp með lágum ljósastaurum og komið fyrir áhaldahúsi. Nú síðast var komið

fyrir vandaðri lýsingu fyrir ljósakrossa á leiðum og var þetta hannað sérstaklega fyrir garðinn og ætti að geta orðið fyrirmynd fyrir aðra kirkjugarða.

Eftir þetta var haldið aftur til baka til Reykjavíkur og komið þangað um kl. 18:00.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Guðmundur Rafn Sigurðsson, ritari